

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1114

Dagsetning: 2. júní 2026 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Ketill Berg Magnússon (KBM), Margrét Kristjánsdóttir (MK), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Sólrún Ólína Sigurðardóttir, fagstjóri Heilsubrúar, sat fundinn undir lið 8.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 26. maí 2026 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Verkefni framkvæmdastjórnar

Umræður um helstu verkefni framkvæmdastjórnar. Rætt var um drög að skipulag funda með stjórnendum í haust og samþykkt að kynna þau stjórnendum.

3. Aðsend erindi

Rætt var um erindi frá heilbrigðisráðuneytinu um bólusetningar ferðamanna og farið yfir drög að svari. Drögin voru samþykkt og verða þau send ráðuneytinu.

4. Ársfundur HH

Rætt var um fyrirkomulag næsta ársfundar, markmið með fundinum og hvort breyta eigi um áherslur.

5. Sumarfrí framkvæmdastjórnar

Rætt var um fyrirhuguð sumarfrí framkvæmdastjórnar og afleysingar.

6. Aðgerðaráætlun um átraskanir

Farið var yfir niðurstöður starfshóps um átraskanir sem fulltrúar HH hafa tekið þátt í með fulltrúum frá Landspítalanum. Þar eru meðal annars drög að aðgerðaráætlun vegna átraskana með skýrum aðgerðum og útlistun á framkvæmd þeirra. Framkvæmdastjórn fagnaði niðurstöðunum og taldi mikilvægt að vinna málið áfram.

7. Ýmis geðheilbrigðismál

Upplýst var ýmis mál tengt geðheilbrigðisþjónustu.

8. Heilsueflandi vinnustaður

Sólrun Ólína Sigurðardóttir, fagstjóri Heilsubrúar, kom á fundinn og kynnti tillögur vinnuhóps um heilsueflandi vinnustað. Framkvæmdastjórn fagnaði tillögunum og samþykkti þær. Þá var lagt til að verkefni tengt starfsmannaheilsuvernd verði færð til Heilbrigðisskoðunar innflytjenda til bráðabirgða. Tillagan var samþykkt og ákveðið að falla frá ráðningu hjúkrunarfræðings á mannauðssvið sem hafði verið auglýst.

9. Fjárhagsstaða HH

Farið var yfir rekstrarniðurstöðu stofnunarinnar eftir fyrstu þrjá mánuði ársins.

10. Hópslysaáætlun

Upplýst var um stöðu vinnu við hópslysaáætlun innan HH og prófun á boðun miðvikudaginn 3. júní.

11. Stjórnendafundur

Farið var yfir dagskrá stjórnendafundar sem haldinn verður 4. júní og kynningu á stefnumótun sem farið verður yfir á fundinum.

Aðgerðir og verkefni

- Senda þarf svar við erindi frá heilbrigðisráðuneytinu, sjá lið 3.
Ábyrgð: SDM
- Boða þarf undirbúningsfund fyrir ársfundinn og ársskýrsluvinnu í byrjun desember, sjá lið 4.
Ábyrgð: BJ
- Halda þarf áfram vinnu tengt átröskunum, sjá lið 6.
Ábyrgð: ÍDH
- Fylgja þarf eftir tillögum um heilsueflandi vinnustað, sjá lið 8.
Ábyrgð: KBM
- Fela þarf Heilbrigðisskoðun innflytjenda formlega hlutverk tengt heilsuvernd starfsfólks HH, sjá lið 8.
Ábyrgð: SDM
- Vinna þarf áfram að uppfærslu hópslysaáætlunar og gera prófun á boðun, sjá lið 10.
Ábyrgð: RÓE
- Kynna þarf dagskrá funda með stjórnendum eininga á stjórnendafundi á fimmtudag, sjá lið 11.
Ábyrgð: RÓE

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:30.